

KRÍLASEL

UNGBARNALEIKSKÓLI



Starfsáætlun 2021 – 2022

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- • Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- • Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- • Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur, áherslur úr skólanámskrá og skóla fyrir alla.
- • Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- • Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- • Innra mat- fjöltyngd börn og umbótaáætlun.
- • Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- • Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- • Umsögn foreldraráðs.

Leiðbeiningar um starfsáætlunin leikskóla, bls. 1.

Table of Contents

Leiðarljós leikskólans: Jafnrétti, umhyggja og öryggi	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra mat.....	6
3 Innra mat Krílasels 2020-2021.....	7
4 Ytra mat.....	8
5 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022 (heildarmat leikskólans)	9
6 Greinargerð frá starfinu skólaárinu 2020-2021 (innra mat/umbótaáætlun).....	10
7 Innra mat – fjöltyngd börn	15
8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	16
9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundarmiðstöðva	16
10 Foreldrasamvinna.....	16
11 Skipulagsdagur	18
12 Fylgigögn	19
13 Umsögn foreldraráðs :	20

Leiðarljós leikskólans: Jafnrétti, umhyggja og öryggi

1 Greinargerð leikskólastjóra

Heimsfaraldur

Haustið í Krílaseli byrjar alltaf á því að við tökum á móti nýjum börnum í aðlögun. Árið 2020 var að öllu leyti mjög sérstakt í Krílaseli vegna Covid 19 og leikskólastarfið mótaðist að miklu leyti af tilmælum frá sóttvarnalækni vegna allskonar takmarkana og reglna. Starfsáætlun síðasta árs riðlaðist samt skiljanlega en okkur tókst þó að halda leikskólanum opnum með góðri samvinnu foreldra en faraldurinn hefur þó óneitanlega haft áhrif á starf leikskólans. Við þurftum m.a. að haga aðlöguninni öðruvisi. Við reyndum að hafa hana eins stutta og hægt var og aðeins annað foreldrið fékk að vera með í aðlöguninni. Lengd aðlöguninnar fór síðan eftir því hvernig barninu gekk og leið í aðlöguninni og allt var gert til að tilmæli vegna Covid bitnuðu ekki á aðlögun barnsins. Þetta gekk í flestum tilfellum mjög vel. Covid hafði líka þær afleiðingar að nokkur þeirra barna sem voru búin að fá fluttning á aðra leikskóla urðu lengur hjá okkur þar sem að aðlögunarplön þeirra riðluðust líka vegna Covid.

Faglega starfið byrjaði frekar seint á árinu en samstilltu átaki starfsfólks og foreldra var það komið á fullt í október. Starfmannastöðugleiki var nokkuð góður fyrri hluta ársins en í enda ársins var börnunum fjölgað úr 20 í 25 og nýtt starfsleyfi gefið út. Um svipað leyti hættu tveir starfsmenn en við náðum fljótlega að ráða starfsmann með uppeldismenntun í 80% starf og tvo reynda leiðbeinendur auk tveggja afleysingastarfsmanna vegna hreinlætiskrafna vegna Covid19. Starfsmannahópurinn fær hrós fyrir sveigjanleika í starfi, útsjónasemi, hugmyndaríki og dugnað miðað við oft á tíðum erfiðar aðstæður. Einnig tók Krílasel þátt í styttingu vinnuvikunar samkvæmt nýjum kjarasamningum. Það var framkvæmt í samráði við starfsfólkið og var dvalartími barnanna skoðaður og styttingin ákveðið í samræmi við það. Þetta gat þó stundum verið snúið vegna allskonar aukakrafna sem gerðar voru á leikskólann vegna covid19.

Í vor var haldinn brunaæfing og tóku 24 börn og 7 starfsmenn þátt í henni. Æfingin gekk mjög vel og náðist að rýma leikskólann á innan við 3 mínútum sem er innan viðmiðunarmarka.

Nýjum þroskandi leikföngum var bætt við á vegg inni á deild. Skeiðar, gaflar, glös, stuðkönnur og diskar voru einnig endurnýjuð. Einnig var sett upp nýtt felli-matarborð frá

Krumma. Á útisvæði var bætt við nýjum sandkassa, barnahúsi, turni og rennibraut frá Krumma. Einnig var sett upp leikfangageymsla og girðing í kringum útisvæði var öll flísa og fúavarin. Við fengum heimsóknir frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar sem skoðuðu bæði úti og inni og við fengum ekki margar athugasemdir, og Innra eftirliti frá SFS sem gerðu engar athugasemdir við starfsemina.




2 Innra mat

Tilgangur innra mats er að meta hvort og að hve miklu leyti þeim markmiðum leikskólans hefur verið náð sem byggja á áherslum úr skólanámskrá leikskólans og hafa verið samþykkt af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkuborgar. Einnig á Innra mat að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans og þróun þeirra, og stuðla að umbótum og auknum gæðum leikskólastarfsins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011) .

Einnig þarf að tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.

Matið þarf að fara fram árlega og gefa upplýsingar um í hverju þær umbætur eru fólgnar og má líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind og metin í samvinnu, og ákvarðað hvað gera skuli í framhaldinu. Setja þarf fram umbætur/matsáætlun sem byggir á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og skipuleggja vinnu út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaáætluninni eru sett fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að.



3 Innra mat Krílasels 2020-2021

Áherslupættir í umbótaáætlun 2020-2021

- **Í stjórnunarkafланum** var m.a. lögð áhersla á að styrkja enn frekar faglegt samstarf með þátttöku allra starfsmanna. Að þessu var unnið á skipulags/starfsdögum. Covid-19 setti þó strik í reikninginn með þetta eins og flesta aðra hluti. Það er þó einnig lögð áhersla á það og unnið með stöðugt að allt starfsfólkið þekki sem best innra starfið og sé meðvitað um stefnu skólans. Það er skilyrði að nýtt starfsfólk kynni sér stefnu leikskólans, námskrá og starfsáætlanir á heimasíðu leikskólans.

- **Í uppeldis- og menntastarfi** var unnið áfram markvisst með hugmyndafræði Dewey's (learning by doing) og sjálfsefningu. Einnig er stuðst við sjónrænt dagsskipulag og stólar t.d. merktir með nöfnum barnanna. Einnig er byrjað að vinna með fyrstu stig læsis og málörvun. Stuðst er við ákveðinn þroskalista sem er notaður í ungarnadeildum og síðan er farið yfir hann með foreldrum í foreldraviðtölum. Myndir á heimasíðunni eru líka mikið notaðar til að veita foreldrum betri innsýn í leik og starf barnanna í leikskólanum.

- **Í mannauðsmálum** erum við svo heppin að hafa starfsmann sem er með MS gráðu í mannauðsstjórnun. Lögð er áhersla á að það starfsfólk sem hefur fagmenntun og reynslu deili því út til annars starfsfólks þannig að vinnubrögðin verði sem faglegust og allir taki þátt í faglegum umræðum og fái þá tilfinngu að við séum öll að vinna að sömu markmiðunum. Allir hafa þó tækifæri á að koma sínum skoðunum á framfæri.

- **Varðandi innra matið** þá var gerð áætlun um þá umbótaþætti sem vinna þarf að á skólaárinu 2020-2021. Vegna Covid-19 riðlaðist umbótaáætlun 2019-2020 og gekk ekki eftir að fullu. Því verður því m.a. haldið áfram að vinna með þá þætti á skólaárinu 2020-2021.

4 Ytra mat

Foreldrakönnun

Tölfræði- og rannsóknarþjónusta Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur framkvæma viðhorfskannanir foreldra um starfsemi leikskóla annað hvert ár. Þar sem að Krílasel er nýr leikskóli var ekki gerð könnun 2019 en viðhorfskönnun fór fram núna 2021. Niðurstaða foreldrakönnunar var að af 5 mögulegum þá voru foreldrar að gefa leikskólanum 4.9 í einkunn um starfssemi leikskólans.

Ytra eftirlit skrifstofu skóla- og frístundasviðs fór fram með vísun í eftirlitsskyldu sveitarfélaga með starfsemi leikskóla. Samkvæmt lögum um leikskóla 90/ 2008 hefur sveitarfélag eftirlitsskyldu með þeim leikskólum sem það hefur veitt rekstrarleyfi. Eftirlitið fór fram á tímabilinu 10 október 2020 til 3. febrúar 2021 en það dróst vegna Covid 19. Í samræmi við ofangreint voru fyrst sendar inn spurningar til leikskólastjóra 10 október og hittu eftirlitsaðilar Auður Ösp Guðjónsdóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir síðan leikskólastjóra á rafrænum fundi þann 17. desember 2020 til að fara yfir matslista og fylgigögn sem óskað var eftir frá leikskólanum en auk þess heimsóttu eftirlitsaðilar leikskólann þann 3. febrúar 2021. Niðurstöður ytra mats var að „ Rými og aðstaða í lagi sem og skil á umbeðnum fylgigögnum“

5 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022 (heildarmat leikskólans)

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir?			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Stjórnun	Starfsþróun starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Aukin leiðsögn til starfsmanna	Leikskólastjóri	Haust	Vor	Starfsmannaviðtöl	Að starfsfólk merki framfarir í gæði starfsins.
Uppeldis- og menntastarf	Skipulag náms onámsaðstæður	Merkja innihald leikfangakassa. Bæta myndrænt dagsskipulag.	Leikskólastjóri	Allt skólaárið	Allt skólaárið	Rýnihópur starfsfólks	Betri nýting barna á leikföngum
Mannauður	Betri samskiptum.	Aukin samvinna og efla vinnuandann.	Allir starfsmenn	Allt árið	Allt árið	Starfsmannafundir	Spurningarlisti um hvort vinnumórállinn sé í lagi.
Innra mat	umbótaþættir birtir í starfsáætlun og unnið sé eftir þeim á skólaárinu	Umbótaáætlun sé sýnileg í starfsáætlun sem er á heimasíðu Krílasels	Leikskólastjóri	Haustönn 2021 og endurmat fer fram í maí 2022		Gátlisti út frá umbótaáætlun	Að a.m.k. 75% árangur hefur náðst í þeim viðmiðum skólans.

6 Greinagerð frá starfinu skólaárinu 2020-2021 (innra mat/umbótaáætlun)

3.1 Menntastefna Reykjavíkur fram til 2030

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá leikskóla. Hún er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Menntastefna Reykjavíkurborgar skiptist upp í fimm grundvallarþætti: félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Markmið Krílasel tengjast einkunnarorðum leikskólans sem eru jafnrétti, umhyggja og öryggi. Að börnunum líði vel og þau finni sig örugg, aðbúnaður og umhverfi sé hvetjandi og hæfi aldri þeirra. Að börnin læri að leika með opinn efnivið úti og inni, saman í hóp eða sem einstaklingar. Áherslur á komandi starfsári vegna menntastefnu Reykjavíkurborgar verður að auka enn frekar sjálfsefningu og að halda áfram að hvetja þau til að borða sjálf, þvo hendur og fara sjálf í sína stóla.

3.2 Niðurstöður mats/stutt samantekt starfi síðasti árið (2020-2021)

Skólaárið 2020-2021 voru 25 börn í leikskólanum. 10 stúlkur og 15 strákar. Í aðlögun var lagður grunnur að góðu samstarfi og vellíðan barnana í leikskólanum. Vegna covid 19 fengu mörg barnana frekar stutta aðlögun þrátt fyrir að börn þurfi mislangan tíma til að aðlagast nýju umhverfi, kynnast öðrum börnum og starfsfólki leikskólans. Aðeins annað foreldri fékk að vera viðstatt í aðlöguninni. Árangurinn byggðist þó að mjög góðri samvinnu leikskólastarfsfólks og foreldra og gekk merkilega vel miðað við aðstæður. Fram að jólum var lögð áhersla á að gera sér grein fyrir þörfum, hæfni og áhuga barnahópsins og reyna að skapa jákvæða og vingjarnlega stemmingu og að þétta hópinn. Starfsmennirnir þurftu líka sinn tíma til að kynnast barnahópnum. Það tók sinn tíma og var stundum líka krefjandi og vandasamt vegna veikinda starfsmanna í leikskólanum og einnig var töluvert um starfsmannabreytingar. Aðlögun hópsins var þó að fullu lokið í byrjun október.



Starfsfólkið nýtti sér rými leikskólans eins vel og hægt var og þrískipti hópnum milli herbergja til að bjóða upp á meiri nánd og nýta rýmið sem best. Við höfðum m.a. sett okkur það markmið að stuðla að sjálfsefingu barnanna í matartímum og í fataherberginu. Okkur fannst við ná að vinna ágætlega að þessum markmiðum og merktum töluverðan árangur hjá börnunum.



Við höfðum einnig sett okkur það markmið að vinna með grunnlitina, málörvun, líkamshlutana og íslensku húsdýrin sem þemu vetrarins og fannst okkur það ganga mjög vel.





Einnig var lögð mikil áhersla á heilbrigði barnanna með hollu matarræði og útiveru og hreyfingu bæði úti og inni og var farið eins mikið út og veðurfar leyfði miðað við aldur barnanna.



Annað markmið var einnig að leiðbeina og virkja alla starfsmenn sem allra mest í því að leiðbeina börnunum á jákvæðan og uppbyggjandi hátt. Það gat snúist um hvað er æskilegt að

gera í ýmsum aðstæðum í leikskólanum og finna orð fyrir þær tilfinningar sem þau gætu verið að upplifa. Þannig sköpum við þeim tækifæri til að efla sjálfsvitund sína og sjálfsöryggi.



Að lokum mundi ég segja að margt gott hefur náðst á starfsárinu með gefandi og góðri samvinnu stjórnenda, starfsfólks og foreldra sem hefur verið uppspretta margra dásamlegra og ógleymanlegra stunda í Krílaseli þetta árið.



Styrkleikar:

Aðal styrkleiki leikskólans var gott samstarf allra sem komu að dvöl barnanna í leikskólanum. Bæði starfsfólks, foreldra og barnanna sjálfra. Þegar börnin finna að gott samband er á milli starfsfólks og foreldra þá finna þau fyrir trausti sem skiptir mjög miklu máli fyrir dvöl þeirra í leikskólanum. Traustið byrjar strax að myndast í aðlöguninni og getur skipt sköpum um vellíðan barnsins í leikskólanum.

Umbótaþættir fyrir næsta skólaár: 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmtu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hlutverkstarfsmanna í námi barna	Að starfsmenn í gegnum starfið sitt styðji við jákvæð samskipti og nám í gegnum leik barnanna.	Faglegar umræður á skipulagsdögum	Leikskólastjóri	Skólaárið 2021-22		Farið yfir reglulega með starfsfólki yfir skólaárið og í foreldraviðtölum.	Starfsfólk fylgist með framförum barnanna í átt að markmiðum og deilir þeirri reynslu með öðrum starfsmönnum.
Upplýsingaflæði til foreldra (af erlendum uppruna)	Að foreldrar séu vel upplýstir um starfið í leikskólanum og séu látnir vita um breytingar.	Fréttir af starfinu sendar eru með tölvupósti en nýta mæti heimasíðuna betur til upplýsingagjöfar til foreldra. T.d. á ensku.	Leikskólastjóri	Skólaárið 2021-22		Foreldraviðtöl	Markmið er að foreldrar séu ávallt vel upplýstir um leikskólastarfið
Valdefling barna	Að halda áfram að efla börnin enn frekar í sjálfshjálpi í matartímum, fataklefa og við leik og störf.	Að stuðla að ró í fataklefa með því að senda fá börn í einu. Að börnin læri meira með því að gera sem flest sjálf.	Leikskólastjóri	Skólaárið 2021-22		Farið yfir reglulega með starfsfólki.	Að börnin upplifi að þau geti borðað sjálf og séu byrjuð að klæða sig sjálf.
Samstarf starfsmanna	Áframhaldandi góð samvinna, opin samskipti, góður starfsandi, jákvæðni og frekari starfsþróun í gegnum jákvæða gagnrýni	Ræða saman strax ef upp koma vandamál	Leikskólastjóri vinnur í anda mannauðsstjórnunnar.	Allt skólaárið		Umræðunni haldið lifandi eftir þörfum.	Að öllum líði vel og geti rætt málin.

7 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keyptar eru bækur sem nýtast til kennslu.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já. Notaðar eru c.a. 10 mín. á hvert barn daglega til að örva samskipti. Einnig í samverustund, matartíma, hópastarf, fataklefinn, útiveran, bleyjuskripti og sögustund.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Með lestri og leikjum sem krefjast samskipta.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fylgst er með framförum í daglegu starfi og leik og farið yfir þær í foreldraviðtölum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Vegna ungs aldurs barnanna er aðallega fylgst er með orðaforða, málskilningi og líkamstjáningu/svipbrigðum.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skipulag í fataklefa	Myndrænt dagskipulag	Nota myndir til að sýna dagskipulag.	Leikskólastjóri	Allt skólaárið		Spyrja foreldra í gegnum dagleg samskipti og foreldraviðtöl hvort eitthvað sé óljóst.	Betri skilningur foreldra á starfssemi leikskólans.
Nöfn á klæðnaði er sett upp myndrænt	Nýta samskipti í fataklefa til að kenna þeim á myndrænt skipulag.	Myndir af fótum barnanna við hlið íslenska nafnsins.	Leikskólastjóri	Allt skólaárið		Meta hvort að foreldrar eru að skilja myndræna skipulagið.	Betra upplýsingaflæði.

8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Okkur markmið í Krílaseli er að allt starfsfólk fái minnst einu sinni starfsmannaviðtal á ári. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir nýja starfsmenn. Vegna covid höfum við ekki sótt okkur neina fræðslu út fyrir leikskólan enda hefur flestu verið frestað fram á næsta skólaár.
- Leikskólastjóri tók rafrænt námskeið hjá SFS sem heitir „Brú milli landa - Samskipti við foreldra tví- og fjöltyngdra nemenda“ sem á að nýtast fyrir börn sem eru af erlendu bergi brotin.
- Starfsfólk fékk fræðslu frá Framkvæmdastjóra um mannauðsmál og mikilvægi þess að vinna þétt saman.
- Leikstjórstjóri veitti einnig fræðslu um líkamsbeitingu við umönnun barnanna.

3.1 Símenntunaráætlun 2021-2022

- Endurnýjun á Skyndihjálpnámskeiði fyrir ungbörn á vegum Rauða Krossins.
- Sækja fræðslu um hvernig best er að vinna með „Lubbi finnur málbein“ í málörvun.
- Leikskólaheimsóknir.
- Námskeið fyrir notkun „Smábarnalistans“.
- Hvetja starfsfólk til að fara á íslenskunámskeið þar sem það á við.

9 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundarmiðstöðva

Ekkert samstarf er við grunnskóla né frístundaheimili vegna ungs aldurs barnanna. Við erum í góðu samstarfi við þjónustumiðstöð Breiðholts. Við erum í góðu samstarfi við leikskólana í nánasta umhverfi í Seljahverfinu.

10 Foreldrasamvinna

Foreldrar eru sérfræðingar í börnum sínum og bera meginábyrgð á uppeldi þeirra. Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast nám barna á leikskólaaldri. Leikskólanám er fyrst og fremst viðbót við uppeldi foreldra en kemur ekki í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna.

Góð fyrstu kynni foreldra af leikskólanum og vel heppnuð aðlögun barns eru mikilvæg til að byggja upp traust og góð samskipti fyrir komandi leikskóladvöl barnsins.

Í yfirlýsingu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2011, bls. 48) er bent á mikilvægi foreldrasamstarfs í aðlögun barna og þar segir að leggja þurfi góðan grunn að samstarfi foreldra og leikskóla strax í upphafi leikskólagöngunar með velferð og umhyggju barna að leiðarljósi. Leikskólastarfsfólki ber að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu, og samstarfið þarf að byggjast á trausti og gagnkvæmum skilningi.

Okkar markmið í Krílaseli er m.a. að hafa gott foreldrasamstarf sem er mjög mikilvægt vegna ungs aldurs barnanna. Dagleg góð samskipti milli foreldra og starfsfólks eru grunnurinn að traustu foreldrasamstarfi.

Foreldraheimsókn

Öllum foreldrum með börn sem hafa fengið pláss í Krílaseli er boðið að koma með barnið heimsókn og skoða leikskólann, hitta leikskólastjórann og fá innsýn í leikskólastarfið.

Aðlögun

Foreldrasamstarf hefur verið mikilvægur hluti af aðlögun barnanna í Krílaseli og þá fá bæði foreldrar og starfsfólk tækifæri til að tala saman um ýmislegt sem tengist börnunum. Í aðlöguninni fá foreldrar einnig tækifæri til að kynna starfsfólkinu og leikskólastarfinu.

Foreldraviðtöl

Allir foreldrar fá skipulög foreldraviðtöl og einnig ef þörfum. Viðtölin byggjast á upplýsingum um barnið og athugunum á færni og þroska í leik og starfi. Stuðst er við matstæki fyrir börn 1-2 ára þar sem þættir eins og félagsleg samskipti, málþroski, sjáfshjálp, vitsmunabroski og hreyfiþroski eru metin. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Leikskólastjóri sendir oftast tölvupóst einu sinni viku til að halda foreldrum upplýstum um starfið í leikskólanum og breytingar eins og komu nýrra barna og starfsmanna. Leikskólinn hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð frá foreldrum sem hafa margir hverjir þakkað fyrir sig með hlýlegum orðum, blómum og jafnvel gjöfum þegar börnin hafa lokið dvöl hjá okkur. Þó nokkur er um að foreldrar hafi verið að koma með barn nr. 2 til dvalar í leikskólanum.

Samskipti við erlenda foreldra

Lögð er áhersla á góð og uppbyggileg samskipti alla foreldra hvort sem þeir eru íslenskir eða af erlendu bergi brotin og eiga annað móðurmál en íslensku. Foreldrum af erlendu bergi brotið er alltaf boðin túlkur í byrjun, bæði í fyrstu heimsókn eða í foreldraviðtölum. Þau fá reglulega fund með leikskólastjóra varðandi stöðu barnsins sérstaklega hvað varðar almennan þroska þess og hvernig leikskólakerfið virkar á Íslandi. Upplýsingaflæði er mjög mikilvægt fyrir þau og þá sérstaklega fyrir nýja foreldra sem hafa enga reynslu af íslensku menntakerfi.

11 Skipulagsdagur

Föstudagur .	10. September	2021	Lokað allan daginn.
Föstudagur .	8. Október	2021	Lokað allan daginn.
Föstudagur .	26. nóvember	2021	Lokað allan daginn.
Miðvikudagur .	16. mars	2022	Lokað allan daginn.
Föstudagur	22 Apríl	2022	Lokað allan daginn.
Þriðjudagur	10 Maí	2022	Lokað allan daginn.

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla: Kríslar ungbarnaleikskóli

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1. S	1. M. Addagun nýrra barna	1. F	1. M	1. M. Fúlveldisdagurinn	1. L. Nýlendagur	1. D	1. Þ	1. F	1. S. Mikulsdagurinn	1. M
2. M. Þingdagur verðunarmanna	2. F. Addagun nýrra barna	2. L	2. Þ	2. F	2. S	2. M	2. M	2. L	2. M	2. F
3. Þ	3. F. Sumarfréttun	3. S	3. M	3. F	3. M	3. F	3. F	3. S	3. Þ	3. F. Skrifadagur
4. M. Sumarfréttun	4. L	4. M	4. F	4. L	4. Þ	4. L	4. F	4. M	4. M	4. L
5. F. Þingdagur nýrra barna	5. S	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. L	5. L	5. Þ	5. F	5. S. Þingdagsdagur
6. F	6. M. Addagun nýrra barna	6. M	6. L	6. M	6. F. Þingdagsdagur	6. S. Þingdagsdagur	6. S	6. M	6. M	6. M. Þingdagsdagur
7. L	7. Þ. Addagun nýrra barna	7. F	7. S	7. Þ	7. F. Þingdagsdagur	7. M	7. M	7. F	7. L	7. Þ
8. S	8. M. Þingdagsdagur nýrra barna	8. F. Þingdagsdagur	8. M. Þingdagsdagur nýrra barna	8. M	8. L	8. Þ	8. Þ	8. F. Þingdagsdagur	8. S	8. M
9. M. Addagun nýrra barna	9. F. Addagun nýrra barna	9. L	9. Þ	9. F	9. S	9. M	9. M	9. L	9. M	9. F
10. Þ. Addagun nýrra barna	10. F. Þingdagsdagur	10. S	10. M	10. F. Þingdagsdagur	10. M	10. F	10. F	10. S. Þingdagsdagur	10. Þ. Þingdagsdagur	10. F
11. M. Addagun nýrra barna	11. L	11. M	11. F	11. L	11. Þ	11. F. Þingdagsdagur nýrra barna	11. F	11. M	11. M	11. L
12. F. Addagun nýrra barna	12. S	12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. L	12. L	12. Þ	12. F	12. S. Þingdagsdagur
13. F. Addagun nýrra barna	13. M. Addagun nýrra barna	13. M	13. L	13. M	13. F	13. S	13. S	13. M	13. F	13. M
14. L	14. Þ. Addagun nýrra barna	14. F	14. S	14. Þ	14. F	14. M. Þingdagsdagur	14. M. Þingdagsdagur	14. F. Þingdagsdagur	14. L	14. Þ
15. S	15. M. Addagun nýrra barna	15. F. Þingdagsdagur	15. M	15. M	15. L	15. Þ	15. Þ	15. F. Þingdagsdagur	15. S	15. M
16. M. Addagun nýrra barna	16. F. Þingdagsdagur nýrra barna	16. L	16. Þ	16. F. Þingdagsdagur	16. S	16. M. Þingdagsdagur	16. M	16. L	16. M	16. F
17. Þ. Addagun nýrra barna	17. F. Addagun nýrra barna	17. S	17. M	17. F. Þingdagsdagur	17. M	17. F	17. F	17. S. Þingdagsdagur	17. Þ	17. F. Þingdagsdagur
18. M. Addagun nýrra barna	18. L	18. M	18. F	18. L	18. Þ	18. F. Þingdagsdagur nýrra barna	18. F	18. M. Þingdagsdagur	18. M	18. L
19. F. Addagun nýrra barna	19. S	19. Þ	19. F	19. S	19. M	19. L	19. L	19. Þ	19. F	19. S
20. F. Addagun nýrra barna	20. M. Addagun nýrra barna	20. M	20. L. Þingdagsdagur nýrra barna	20. M	20. F	20. S. Þingdagsdagur	20. S	20. M	20. F	20. M
21. L	21. Þ. Addagun nýrra barna	21. F	21. S	21. Þ	21. F	21. M	21. M	21. F. Þingdagsdagur	21. L	21. Þ
22. S	22. M. Addagun nýrra barna	22. F	22. M	22. M	22. L	22. Þ	22. Þ	22. F. Þingdagsdagur	22. S	22. M
23. M. Addagun nýrra barna	23. F. Addagun nýrra barna	23. L. Þingdagsdagur	23. Þ	23. F. Þingdagsdagur	23. S	23. M	23. M	23. L	23. M	23. F
24. Þ. Addagun nýrra barna	24. F. Addagun nýrra barna	24. S	24. M	24. F. Þingdagsdagur	24. M	24. F	24. F	24. S	24. Þ	24. F
25. M. Addagun nýrra barna	25. L	25. M	25. F	25. L. Þingdagsdagur	25. Þ	25. F	25. F	25. M	25. M	25. L
26. F. Addagun nýrra barna	26. S. Þingdagsdagur nýrra barna	26. Þ	26. F. Þingdagsdagur	26. S. Þingdagsdagur	26. M	26. L	26. L	26. Þ	26. F. Þingdagsdagur	26. S
27. F. Addagun nýrra barna	27. M. Addagun nýrra barna	27. M. Þingdagsdagur	27. L	27. M	27. F	27. S	27. S	27. M	27. F	27. M
28. L	28. Þ. Addagun nýrra barna	28. F	28. S	28. Þ	28. F	28. M	28. M	28. F	28. L	28. Þ
29. S	29. M. Addagun nýrra barna	29. F	29. M	29. M	29. L	29. Þ	29. Þ	29. F. Þingdagsdagur	29. S	29. M
30. M. Addagun nýrra barna	30. F. Addagun nýrra barna	30. L	30. Þ	30. F	30. S	30. M	30. M	30. L	30. M	30. F
31. Þ. Addagun nýrra barna		31. S		31. F. Þingdagsdagur	31. M		31. F		31. Þ	

12 Fylgigögn

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Krílasel er ekki með sérkennslubörn vegna ungs aldurs barnanna en við erum jákvæð gagnvart slíku í samvinnu við Þjónustumiðstöð Breiðholts ef þörf er á.

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Börn sem er með annað móðurmál en íslensku fá bók frá okkur sem í bókin eru myndir frá foreldrar, þar er ýmislegt upplýsingar um barnið. Það er reglulega samstal með foreldrar hvernig gengur með barnið. Leikskólinn notar mikið myndir. Við notum alltaf 10 mín. reglu í samskiptum með hvert barn og á það við um alla starfsmenn.

Leikskólastjórinn í Krílaseli er tvítyngd og mjög meðvituð um hvernig vinna á með börnum með annað tungumál. Í samverustund er notast mikið við myndir og námsgögn eins og bókina “Lubbi finnur málbein” og “Lærum og leikum”.

13 Umsögn foreldraráðs :

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlunina og gera engar athugasemdir við hana í heild. Vert er þó að taka fram að upplifun foreldraráðs af umbótaáætlun, símenntunaráætlun, samskiptum við foreldra og fagstarfi með börnunum er sú sama og kemur hér fram. Mikil virðing er borin fyrir börnunum og tilfinningum þeirra og mál- og þroskaörvun er með besta móti. Samskipti starfsfólks við foreldra eru mjög góð og virkilega vel var haldið utan um starfið á meðan heimsfaraldur gekk yfir. Póstar til foreldra með upplýsingum um starfið framundan ásamt því að fara yfir liðna viku voru sendir vikulega og voru greinargóðir. Starf leikskólans einkennist af virðingu við börn í gegnum lýðræði, faglegt starf og eflingu sjálfstæðis.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Sólrún Ýr Guðbjartsdóttir

Tinna Heimisdóttir

F. h. Krílasels Ungbarnaleikskóla

Susana Rabanes Gunnþórsson
Leikskólastjóri

01. Júlí 2021
Dagsetning

Starfsáætlun 2021 – 2022

Krílasel ungbarnaleikskóli

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Sólrún Ýr Guðbjartsdóttir

Tinna Heimisdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlunina og gera engar athugasemdir við hana í heild. Vert er þó að taka fram að upplifun foreldraráðs af umbótaáætlun, símenntunaráætlun, samskiptum við foreldra og fagstarfi með börnunum er sú sama og kemur hér fram. Mikil virðing er borin fyrir börnunum og tilfinningum þeirra og mál- og þroskaörvun er með besta móti. Samskipti starfsfólks við foreldra eru mjög góð og virkilega vel var haldið utan um starfið á meðan heimsfaraldur gekk yfir. Póstar til foreldra með upplýsingum um starfið framundan ásamt því að fara yfir liðna viku voru sendir vikulega og voru greinargóðir. Starf leikskólans einkennist af virðingu við börn í gegnum lýðræði, faglegt starf og eflingu sjálfstæðis.

